

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 19. febrúar 2024
Málsnúmer: 20240202762

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018 (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.) – þskj. 35, 35. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. febrúar sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri rétt að benda á eftirfarandi atriði með hliðsjón af efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir:

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum nr. 45/2018, um endurnot opinberra upplýsinga, að því leyti að skilgreind eru sk. mjög verðmæt gagnasett sem skuli vera aðgengileg endurgjaldslaust á tilteknu formi, með tilteknum hætti. Breytingarnar eru liður í innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera, sem jafnframt er lögfest, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Hvað starfsemi Skattsins varðar hefur efni frumvarpsins mikilvægan snertiflöt við verkefni hvort tveggja fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár, en báðar gegna þessar skrár mikilvægu hlutverki hvað viðkemur gagnsæi í viðskiptalífni.

Undanfarin misseri hefur hjá Skattinum verið unnið að breytingum á aðgangi og miðlun upplýsinga úr fyrirtækjaskrá með það að markmiði að framkvæmdin verði nútímalegri, hagkvæmari og öruggari. Í brennidepli hafa m.a. verið ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að uppfylla þær kröfur sem frumvarpi þessu er ætlað að innleiða, sérstaklega að því er varðar mjög verðmæt gagnasett. Áformað er að þeirri vinnu ljúki í apríl nk.

Hvað varðar nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir vegna miðlunar gagna úr ársreikningaskrá, með þeim hætti sem hin nýja löggjöf mælir fyrir um, þá hefur ekki verið unnt að framkvæma þær samhliða þeim ráðstöfunum sem varða fyrirtækjaskrá sérstaklega. Helgast það af önnum við önnur aðkallandi verkefni. Ljóst er að ekki verður unnt að ljúka sambærilegri vinnu við ársreikningaskrá fyrir en í kringum áramótin 2024/2025 að óbreyttum fjárheimildum Skattsins. Vísast því til nánari skýringar til umfjöllunar í kafla 6. í greinargerð með frumvarpi þessu, um mat á áhrifum frumvarpsins á rekstrarkostnað opinberra aðila.

Töluverð óvissa er að svo stöddu um endanlegan kostnað við þær lagabreytingar á tæknihverfi fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár sem leiða af fyrirhuguðum lagabreytingum, en ljóst er að hann verður töluverður. Ríkisskattstjóri vísar enn til áhrifamatskafla frumvarpsins og leyfir sér að áréttá mikilvægi þess að fjármögnun vegna innleiðingar laganna verði tryggð.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra

Helga Valborg Steinarsd.

Helga Valborg Steinarsdóttir

Ingvar J. Rögnvaldsson

Ingvar J. Rögnvaldsson